

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 29. júní 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-69/2010:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 18. maí sl. bað A um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á bifreiðinni C hjá B. Álitsbeiðandi segir galla vera á bifreiðinni og krefst þess að seljandi greiði sér skaðabætur að fjárhæð kr. 400.000.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 25. maí, gaf kæruneftndin B kost á andsvörum og bærust þau 4. júní. Með bréfi, dags. 9. júní, gaf kæruneftndin álitsbeiðanda kost á því að gera athugasemdir við andsvörin og frest til þess til 18. júní. Engar athugasemdir bærust. Með bréfi, dags. 21. júní sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt bifreiðina 2. desember 2008, en hún sé af gerðinni N. Kaupverðið hafi verið kr. 970.000 og hafi akstur hennar, bæði að sögn seljanda og samkvæmt öikumæli, verið 95.000 km. Kaupin hafi farið fram hjá bílasölnni D. Fyrsti skráningardagur bifreiðarinnar er 27. mars 2000.

Þegar skipt hafi verið um olú á bifreiðinni 20. desember 2008 hafi vaknað sá grunur að bifreiðin væri meira ekin, en fram komi í olúbók að skipt hafi verið um öikumæli þegar búíð hafi verið að aka bifreiðinni 65.724 km. Haft hafi verið samband við T sem áður hafi átt bifreiðina og komi fram í kaupsamningi og afsali frá 11. ágúst 2006 að bifreiðinni hafi verið ekið 140.000 samkvæmt upplýsingum seljanda en 74.000 samkvæmt öikumæli. Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt bifreiðina á þeim forsendum að hún væri ekki ekin meira en 100.000 km en í raun hafi hún verið ekin 165.724. Álitsbeiðandi kveðst hafa óskað eftir því við bílasölnuna að fá að rifta kaupunum sem seljandi hafi ekki viljað fallast á en síðar hafi komist á munnlegur samningur um að seljandinn greiddi kaupanda kr. 200.000 í bætur. Þar sem greiðsla hafi ekki borist hafi álitsbeiðandi haft samband við bílasölnuna sem haft hafi samband við seljanda sem ekki hafi viljað greiða meira til baka en kr. 100.000 þar sem hann hafi talið að fyrri eiganda bæri að greiða kr. 100.000 til móts við hann. Það hafi fyrri eigandi ekki viljað gera og því hafi seljandinn ekki viljað aðhafast meira. Á þeim tíma sem liðinn sé frá kaupunum hafi bilað rafall, pústkerfi, vatnsdæla o.fl. sem rekja megi til þess hve mikið bifreiðin hafi verið ekin og hafi þetta valdið álitsbeiðanda töluverðum kostnaði. Álitsbeiðandi kveðst hafa leitað aðstoðar lögfræðinga og orðið fyrir kostnaði þess vegna. Þá segir orðrétt í álitsbeiðninni:

„Kaupandi gerir kröfu að seljandi verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur vegna skaða sem hann hefur hlotið vegna kaupa á N, fast númer C. Hann sitji uppi með verðminni bifreið sem sé verri til endursölu, auk annarra óþæginda, s.s. tímamissis,

fjárútláta auk þessar staðreyndar að kaupandi ætlaði að kaupa bifreið sem ekin var minna en 100.000 km.

Vísar kaupandi í bréf frá E þar sem samið hafi verið um að seljandi myndi greiða kaupanda kr. 200.000 í skaðabætur og þar með hafi seljandi viðurkennt tjón kaupanda ásamt þeirri meginreglu að samningar skuli halda. Þar sem samningur hefur ekki verið efndur ásamt því að kaupandi hefur orðið fyrir töluverðum fjárútlátum vegna lögfræðiaðstoðar og bilana sem rekja megi til þess að bifreiðin er töluvert meira keyrð en uppgafið var skv. kaupsamningi, þykir kaupanda eðlilegt að honum verði greiddar 400.000 í skaðabætur. Til lagaraka vísar kaupandi til 18. gr. laga um lausafjárkaup nr. 50/2000 ásamt meginreglunni um að samninga beri að efna.

Í skjali undirrituðu af E f.h. D kemur fram að bílasalan hafi haft samband við seljanda sem ekki hafi viljað samþykkja riftun á kaupunum en komist hafi á sátt um að hann greiddi álitsbeiðanda kr. 200.000. Síðar hafi seljandi sagt að hann vildi ekki greiða nema kr. 100.000 þar sem hann teldi að fyrri eiganda bæri að greiða kr. 100.000 til móts við hann. Seljandi hafi síðar tjáð bílasölnunni að hann hefði ekki náð samkomulagi við fyrri eiganda um greiðslu á kr. 100.000 og því vildi hann ekki aðhafast frekar.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda segir eftirfarandi:

„Með bréfi þessu fylgir afrit af svarbréfi lögfræðings B, dags. 28. júlí, til þáverandi lögmanns kæranda, F, hrl. Um er að ræða sama mál og er til meðferðar hjá kærunefndinni og vísast að meginefni til þess er í því bréfi kemur fram.

Undirritaður vill áréttta eftirfarandi:

1. Félagið keypti bifreiðina í ágúst 2008 og var kaupverðið kr. 1.250.000, en seldi hana til A á kr. 970.000 í desember á sama ári.
2. Félagið hafði enga vitneskju hvort átt hafði verið við kílómetramæli bifreiðarinnar.
3. Félagið var fjórði eigandi bifreiðarinnar frá upphafi er hún var seld A, en A upplýsir að átt hafi verið við kílómetramælinn árið 2002.
4. Um var að ræða átta ára gamla bifreið þegar A kaupir hana og því ljóst að komið væri að viðhaldi ýmissa hluta hennar. A vissi um aldur bifreiðar þegar hann kaupir.
5. Félagið samþykkti aldrei að greiða A bætur eins og hann heldur fram. Borið var undir undirritaðan hvort það kæmi til greina og tjáði ég bílasalanum að gæti hugsanlega gengið ef aðilinn, sem seldi fyrirtækinu bifreiðina, tæki þátt í greiðslu bótanna. Viðkomandi var ekki tilbúinn til þess og því samþykkti ég ekki bótagreiðslu til A.
6. A tiltekur í kæru sinni nokkra kostnaðarliði vegna viðgerða og viðhalds á bifreiðinni og hefur lagt fram reikninga vegna þess. Um er að ræða reikninga frá júlí 2009 til apríl 2010. Ljóst er af yfirllestri reikninganna að um eðlilegt viðhald er um að ræða og sé litið til þess að bifreiðin er tíu ára gömul, t.d. pústkerfi, vatnsdæla, bremsukerfi og svo framvegis.

Með vísan til ofangreinds þá hafnar undirritaður kröfu kæranda og krefst þess að kærunefndin fallist á ofangreind rök og samþykki kröfu undirritaðs.“

Með tilliti til þess sem fram kemur í álitsbeiðni og andsvörum telur kærunefndin ekki ástæðu til þess að rekja það sem kemur fram í bréfum lögmannna aðila.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og B falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Í bréfi D kemur fram að álitsbeiðandi hafi strax í desember 2008 haft samband við bílasöluna og beðið um að haft yrði samband við seljanda. Af bréfinu sést að það hefur bílasalan gert. Kærunefndin telur að á þessu megi byggja það að álitsbeiðandi hafi komið kvörtun vegna galla á framfæri í samræmi við ákvæði 32. gr. laga nr. 50/2000.

Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni er skráð að samkvæmt seljanda og akstursmæli hafi henni verið ekið 95.000 km sem síðar reyndist ekki vera rétt heldur hafði henni á þessum tíma verið ekið nær 166.000 km. Kærunefndinni þykja liggja fyrir nægar sannanir um að svo hafi verið og reyndar er það ekki dregið í efa af seljanda. Í sama skjali segir að bifreiðin sé seld í „núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur vegna galla samkvæmt almennum reglum.“

Í 19. gr. laga nr. 50/2000 er að finna reglur um söluhlut sem seldur er „í því ástandi sem hann er“ og segir þar eftirfarandi í 1. mgr.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. hluturinn svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann, eiginleika hans eða not og ætla má að þessi atriði hafi haft áhrif á það að kaup gerðust;
- b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi hlutinn eða not hans og seljandi hlaut að þekkja til og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin eða
- c. ástand söluhlutar er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.“

Það er ljóst að þær upplýsingar sem álitsbeiðandi fékk um það við kaupin á bifreiðinni hve henni hafði verið mikið ekið voru rangar og skeikaði þar verulegu, en henni hafði verið ekið 70% meira en raunin var. Kærunefndin telur ótvírætt að bifreiðin hafi verið gölluð í skilningi a-liðar 1. mgr. 19. gr. laga nr. 50/2000 enda kunnara en frá þurfi að segja að hve mikið notaðri bifreið hefur verið ekið er ein af stærstu ákvörðunarástæðum þess hvort menn festa kaup á notaðri bifreið eða ekki. Þessi galli var leyndur og ekki hægt að ætlast til þess að álitsbeiðandi kæmi auga á hann við kaupin. Enda þótt ekkert sé komið fram um að seljandi hafi vitað um gallann firrir það hann ekki ábyrgð á honum og ekki skiptir máli um bótaskyldu seljanda hvort fyrri eigandi vill taka þátt í greiðslu bóta eða ekki, enda kann seljandi sjálfur að eiga bótakröfu á þann sem honum seldi.

Í 30. gr. laga nr. 50/2000 segir í 1. mgr. eftirfarandi:

„Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök kaupanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur kaupandi samkvæmt ákvæðum 31.–40. gr. krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæði 42. gr. Réttur kaupanda til skaðabóta fellur ekki niður þótt hann geri aðrar kröfur eða þótt ekki sé unnt að halda slíkum kröfum fram.“

Álitsbeiðandi gerir kröfu um skaðabætur vegna gallans á bifreiðinni. Í 3. mgr. 40. gr. laga nr. 50/2000 segir að kaupandi geti ávallt krafist skaðabóta ef:

- a. gallann eða tjónið má rekja til mistaka eða vanrækslu seljanda eða
- b. hlutur var ekki þegar við samningsgerð í samræmi við það sem heitið var af seljanda.

Kærunefndin álitur að álitsbeiðandi eigi samkvæmt framangreindum lagagreinum rétt á skaðabótum úr hendi seljanda vegna þess galla sem á bifreiðinni var. Í því sambandi er ástæða til að taka fram að hvert kaupverð seljandans var á sínum tíma á ekki að hafa áhrif á ákvörðun bóta. Við ákvörðun þeirra verður að reyna að taka mið af því hvert kaupverð bifreiðarinnar hefði verið, miðað við fyrirliggjandi kaupverð, ef upplýsingar um akstur hennar hefðu verið réttar en álitsbeiðandi yrði þá eins eða svipað settur og hann hefði keypt bifreiðina miðað við þann akstur. Þegar þessi viðmiðun er notuð, þ.e. að bifreiðin hafi verið ekin rúmlega 165.000 km, verður að líta svo á að álitsbeiðandi hafi undir þeim kringumstæðum mátt gera ráð fyrir því að þurfa að láta halda bifreiðinni við eins og hann hefur þurft að gera og því hefur viðhaldskostnaður álitsbeiðanda ekki áhrif á fjárhæð bóta.

Að því er varðar lögmannskostnað álitsbeiðanda þá hefur hann ekki sérstaklega gert grein fyrir honum. Skiptir það ekki máli þar sem kærunefndin álitur það ekki falla undir valdsvið sitt að taka afstöðu til þess hvort gagnaðili álitsbeiðanda á að greiða lögmannskostnað eða bera hann sjálfur.

Samkvæmt því sem að framan segir er það álit kærunefndarinnar að seljanda beri að greiða álitsbeiðanda kr. 230.000 í skaðabætur.

VI

Álitsorð

Seljandi, B, greiði álitsbeiðanda, A kr. 230.000 í skaðabætur.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

